

78. fundur háskólaráðs Háskólans á Hólum, 13. ágúst 2021 kl. 9:00-10:50 á zoom.

Fundinn sátu: Erla Björk Örnólfsdóttir, Guðrún Stefánsdóttir, Jón E. Friðriksson, Laufey K. Skúladóttir, Sveinn Margeirsson og Sigríður Sigurðardóttir, sem ritaði fundargjörð.

Undir fyrsta lið sat fundinn Rakel Heiðmarsdóttir hjá Birki ráðgjöf.

Lögð var fram dagskrá svohljóðandi: 1) Minnisblað rektors – umræður, 2) Samstarf HH og FiskSeafood í Verinu og 3) Önnur mál og var sú dagskrá samþykkt.

1. *Minnisblað rektors - umræður.* Háskólaráð kallaði eftir minnisblaði frá rektor með tillögum um nánari útfærslur á nýju skipuriti sem kynnt var á síðasta fundi ráðsins. Rektor kynnti minnisblað sitt og útskýrði alla liði þess. Í minnisblaðinu kemur fram hvernig nýtt skipurit byggir á gæðaúttektum, framtíðarstefnumótunum og nýjum samskiptasáttmála sem unnin hafa verið á vegum Háskólann á Hólum og fyrir hann s.s. með viðtölum sem Birki ráðgjöf hélt utan um, greiningu frá Inventus og fleiru. Háskólaráð samþykkir fyrir sitt leyti framlagða tillögu að breyttu skipuriti háskólans samkvæmt minnisblaði rektors og leggur fyrir hann og deildarstjóra að gera í kjölfarið viðeigandi ráðstafanir, þ.m.t. eftir atvikum niðurlagningu starfa, uppsagnir, tilkynna um breytingu á störfum og verksviði og auglýsa ný störf. Minnisblaðið fylgir.
2. *Samstarf HH og FiskSeafood í Verinu.* Rektor sagði frá skilaboðum frá yfirmönnum í Verinu á Sauðárkróki til skólans þess efnis að HH þyrfti að gera ráðstafanir vegna húsnæðisins þar. Skólinn yrði innan skamms að víkja úr Verinu með starfsemi sína. Í framhaldi sendi rektor stjórn FiskSeafood bréf þar sem óskað var skýringa á þeim skilaboðum og hvort þau boðuðu stefnubreytingu hjá fyrirtækinu gagnvart samstarfi við skólann.
3. *Engin önnur mál.*